

Innritun nemenda



Verkefnaskólinn á Akureyri

1. Tilgangur

Þetta vinnuferli tryggir að skipulegar og samræmdar aðferðir séu notaðar við innritun nýrra nemenda þ.e.a.s. nemenda sem eru að ljúka grunnskóla, nemenda sem koma úr öðrum skólum eða nemenda Verkefnaskólans sem hafa gert hlé á námi sínu, og að þær upplýsingar um nemandann, sem skólinn æskir, séu færðar í gagnagrunn skólans, Innu.

2. Gildissvið

Vinnuferlið gildir fyrir alla þá sem vinna við móttöku fyrirspurna um skólavist og innritun nemenda í gagnagrunn. Nemandi getur verið nemandi í dagskóla eða nemandi í fjarnámi.

3. Hugtök

Listi yfir hugtök sem notuð eru í verklagsreglunni er að finna í Gæðahandbók á blaðinu [INN-004 Hugtök og skilgreiningar](#).

4. Ábyrgð

Áfangastjóri ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt ferli um innritun nemenda og að upplýsingar um nemandann séu réttar í Innu. Áfangastjóri ber ábyrgð á mati á fyrra námi og reynslu nemenda.

Sviðsstjóri fer yfir umsóknir og upplýsingar um nemandann og sér til þess að leiðrétta þær, hafi þær breyst frá skráningu. Hann metur nemanda og fer yfir val fyrir næstu önn. Sviðsstjóri varðveitir jafnframt öll gögn sem verða til við innritunina í þar til gerðum möppum eða vistar þau í Innu.

Starfsfólk skrifstofu ber ábyrgð á að veita upplýsingar um innritunina, upplýsa um rafrænar innritunarleiðir, afhenda umsóknareyðublöð, taka við útfylltum umsóknareyðublöðum og fylgigögnum og koma þeim til sviðsstjóra.

Bókhalds- og innheimtufulltrúi sér um innheimtu innritunargjalda.

Inntökunefnd skipuð skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjórum auk annarra sem geta verið kallaðir til ber ábyrgð á yfirferð umsókna.

5. Framkvæmd

Við innskráningu umsækjanda/nemanda fær hann einkvæmt auðkenni í skrá skólans. Þetta auðkenni er notað til að tryggja rekjanleika gagna um nám nemandans. Við skráningu í áfanga, skráningu mætinga og aðra skráningu í Innu eru allar upplýsingar tengdar honum, sem og við skráningu á niðurstöðum prófa.

Nr.: VKL-202
Útgáfa: 16
Dags.: 13.03.2019
Höfundur:
Áfangastjórar
Samþykkt:
Skólameistari
Síða 2 af 5

Innritun nemenda




Verkefnaskólinn á Akureyri

5.1 Innritun í dagskóla

Innritun nemenda




Verkefnaskólinn á Akureyri



Innritun nemenda



5.2 Innritun í fjarnám



Nr.: VKL-202
Útgáfa: 16
Dags.: 13.03.2019
Höfundur:
Áfangastjórar
Samþykkt:
Skólameistari
Síða 5 af 5

Innritun nemenda



Verkefnaskólinn á Akureyri

6. Tilvísanir í skjöl

Á ekki við.

7. Viðeigandi skrár

Gagnagrunnur skólans <http://www.inna.is>

Greiðslustaða: **Innritun (önn)** hjá bókhalds- og innheimtufulltrúa.

Listi yfir innritaða nemendur sem koma ekki til náms er geymdur hjá áfangastjóra í möppu

Hafnað/kemur ekki (önn)

Umsóknir og val (ártal) í möppu í umsjón viðkomandi sviðsstjóra .